



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Ferðamennska í nágrenni Reykjaness

Unnið fyrir Vegagerðina á Ísafirði
v/umhverfismats á áhrifum vegaf framkvæmda

Rúnar Óli Karlsson

Febrúar 2003

NV nr. 4-03.

Inngangur

Ferðamennska á Vestfjörðum er að vaxa og þróast. Ýmsir vaxtarbroddar hafa verið áberandi hin síðustu ár og má þar einna helst nefna ferðalög á kajökum um Breiðafjörð, Ísafjörð og Jökulfirði í Ísafjarðardjúpi. Óhætt er að segja að Vestfirðir hafa skapað sér nafn sem mjög áhugavert svæði í þessari tegund ferðamennsku. Eins hefur önnur afþreying tengd sjónum verið áberandi og í mikilli uppbyggingu, en það eru skemmtiferðir á bátum frá Ísafirði.

Reykjanes við Ísafjarðardjúp er einn áhugaverðasti staðurinn á norðanverðum Vestfjörðum m.t.t. ferðamennsku og möguleikarnir miklir. Síðustu ár hefur aukist mikið að kajakræðarar leggi leið sína þangað. Eitt helsta aðráttaraflið er stór sundlaug til æfinga, skemmtileg fjara og dýralíf. Eins hafa verið viðraðar hugmyndir um uppbyggingu staðarins sem heilsuhótel en Reykjanes myndi henta einstaklega vel vegna; útivistarmöguleika, mikils húsrýmis, heita vatnsins og tilvistar flugvallar nánast í túnfætinum.

Greinagerð

Nú er fyrirhuguð brú yfir Reykjarfjörð sem hefur ákveðna kosti varðandi uppbyggingu ferðamennsku.

Kostir

- Brúin myndi lenda utarlega á nesinu og tengja Reykjanes betur við samgöngur og örugglega auka umferð um nesið
- Styttri ferðatími frá Ísafirði
- Meira skjól myndi skapast fyrir innan brúna í norðanáttum og gera kennslu á kajökum auðveldari
- Straumar við aðfall og útfall myndu skapa krefjandi aðstæður undir brúnni til æfinga
- Brúin lokar firðinum sem er hentugt út frá öryggissjónarmiði
- Eins myndi brú opna möguleika á hringleið sem yrði um tíu kílómetra og yrði vegurinn á austanverðu nesinu þá einungis opin takmarkaðri umferð. Hringurinn gæti nýst sem leið fyrir göngu-, reiðhjólafólk og hestamenn
- Svæðið að austanverðu er mjög áhugavert fugla- og selaskoðunarsvæði og væri vegspottinn sem getið var hér á undan hentugur til slíkrar afþreyingar.

Ókostir

- Skert upplifun ferðamanna. Þeir sem stunda útivist eru oftast mjög umhverfislega meðvitaðir. Fleiri mannvirki skerða því upplifun þess sem vill komast í snertingu við

náttúruna. Reyndar er umhverfi Reykjaness í raun manngert á allar hliðar þ.e. vegur er beggja vegna fjarðarins en hinsvegar þarf ekki að fara langt til að upplifa óskerta náttúru. Eins ef grjótgardurinn í botni fjarðarins yrði fjarlægður, væri umhverfið enn nær sínu upprunalega horfi.

Niðurstöður

Niðurstaðan er því sú að sé litið á heildarhagsmuni ferðaþjónustu, er brú yfir Reykjarfjörð; framkvæmd sem mun líklega auka ferðamannastraum, hafa lítil sem enginn neikvæð áhrif á uppbyggingu ferðamennsku og tengja Reykjanes betur við vegakerfi landsins.

Eins og áður sagði er Reykjanes eitt forvitnilegasta svæði á Vestfjörðum og býður uppá mikla möguleika í uppbyggingu ferðaþjónustu. Þar kemur margt til. Mikil nálægð við Jökulfirði, eyjar í Ísafjarðardjúpi og Drangajökul, bjóða upp á mikla möguleika í þróun afþreyingar. Einnig á að mínu mati flugvöllurinn í Reykjanesi eftir að skipa stærra hlutverk þegar ferðamönnum fjölgar og fólk vill upplifa meira á sem stystum tíma. Það er því mikilvægt að framtíð hans sé tryggð.

Ísafirði 22.1.2003

Rúnar Óli Karlsson

Ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar

Viðmælendur

Arnar Stefánsson, Vestfirskum ævintýraferðum

Baldvin Krisjánsson, Ultima Thule

Halldór Sveinbjörnsson, kajakræðari